

Fjarðabyggð  
Hafnargötu 2  
730 Reyðarfjörður



Reykjavík 2. febrúar 2017  
UST201701-071/K.S.J.  
10.04.03

### **Efni: Lýsing. Tillaga að deiliskipulagi Söxu, Fjarðabyggð**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Fjarðabyggðar er barst 4. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að deiliskipulagi Söxu. Saxa er „sjávarhver“ við sjóinn skammt utan við Lönd.

Sjávarhver er náttúruþyrirbæri þar sem úthafsaldan gengur inn í klettaskoru og spýtist síðan hátt upp í loft með tilkomumiklum bringosum.

### **Markmið**

Í lýsingunni kemur fram að markmið deiliskipulagsins er að gera áningarstað við Söxu, og að auðvelda aðgengi og öryggi við ferðamannastaði í Fjarðabyggð.


Einnig kemur fram að meginþættir væntanlegs deiliskipulags eru að skilgreina bílastæði fyrir hópferðabíla og almenna umferð, að skilgreina stíga að Söxu og mynda hringleið um svæðið.


### **Landnotkun**

Saxa er innan svæðis sem í gildandi aðalskipulagi er skilgreint sem landbúnaðarsvæði.

Að mati Umhverfisstofnunar er í ofangreindri lýsingu gerð grein fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur